

# LÚS - VINNUFERLI

## TÖLVUPÓSTUR TIL FORELDRA Í UPPHAFI ÁRS

Er lúsin velkomin á þínu heimili? Nei, hélt ekki og hún er heldur ekki velkomin í skólanum. En hún er klók og getur gert sig heimakomna í hvaða kolli sem er svo það er gott að vera á varðbergi. Hér eru góðar leiðbeiningar fyrir þá sem vilja vera lausir við hana.

(<https://www.heilsuvera.is/markhopar/sjukdomar-og-einkenni/hofudlus/> )

Verði vart við lús í skólum í vetur munum við láta foreldra vita svo þeir geti brugðist við.

## Foreldrar tilkynna að lús hafi fundist í nemanda

Senda tilkynningu til foreldra barna sem eru í sama bekk/árgangi/stigi eftir atvikum. Senda afrit á þá kennara sem málið varðar, ritara skólans og fostöðumanns gæslunnar (frístundar/dagvistar...) eftir atvikum.

Tillaga að texta:

### TILKYNNING TIL FORELDRA UM LÚS

Tilkynning hefur borist um lús í X. *Bekk/árgangi/stigi*. Hér er að finna leiðbeiningar um greiningu og meðferð lúsar (<https://www.heilsuvera.is/markhopar/sjukdomar-og-einkenni/hofudlus/> ).

## Lús finnst í barni á skólatíma

Staðfesti starfsmaður skóla lúsasmit í barni þarf skólinn að hafa verklag sem tekur á því mái.

Staðfesti skólahjúkrunarfræðingur lúsasmit klárar hann að kemma barnið

Lætur foreldra vita og vinnur svo samkvæmt verklagi eins og um lúsatilkynningu hafið verið að ræða.

## Tillögur að herferð gegn lús í skólum:

Stundum koma upp einstaklega leiðinleg tímabil þar sem lúsin virðist óstöðvandi. Gott er þá að eiga nokkur bjargráð í handraðanum til að beina til foreldra.

- **Samstarf innan skólasamfélagsins:** Að losna við lúsina er mál allra í skólanum. Virkjum samtakmáttinn og fáum alla að borðinu til að gera vinnuna skilvirkari.
  - **Foreldrafélag skólans:** Hvað getur það gert? Útvegað kamba, fræðsluefni, skipulagt kembangardag.
  - **Ritarinn:** Gæti hann tekið að sér að tilkynna um lúsina?
  - **Kennarar:** Gætu þeir gefið nemendum tækifæri til að vinna til dæmis myndverk sem minna á lúsina og hengja mætti upp í skólanum.